



Inntökuskilyrði í nám í blómaskreytingum við Landbúnaðarháskóla Íslands

Umsækjandi þarf að hafa lokið þremur til fjórum önnum í framhaldsskóla og vera orðinn 18 ára. Einnig er heimilt að taka inn nemendur sem eru orðnir 25 ára og hafa reynslu úr faginu en ekki með formlega menntun á framhaldsskólastigi. Gert er ráð fyrir að umsækjandi hafi lokið 12 vikna verknámi við alhliða blómaverslunarstörf áður en hann hefur bóknám.

Umsækjandi þarf að hafa lokið að lágmarki eftirtöldum áföngum í almennum framhaldsskóla (alls 20 fein):

- Almenn efnafræði á fyrsta eða öðru hæfniprepi, 5 fein
- Almenn líffræði á fyrsta eða öðru hæfniprepi, 5 fein
- Bókfærsla á fyrsta hæfniprepi, 5 fein
- Stærðfræði á öðru hæfniprepi, alls 5 fein

Æskilegt er að umsækjandi hafi jafnframt lokið eftirtöldum áföngum í almennum framhaldsskóla (alls 30 fein):

- Íslenska á öðru hæfniprepi, 10 fein
- Enska á öðru hæfniprepi, alls 10 fein
- Danska, 5 fein
- Gert er ráð fyrir að nemendur séu vel tölvufærir og hafi góð tök á námstækni.

Heimilt er að meta reynslu úr atvinnulífi til hluta fornáms á framhaldsskólastigi og er það skoðað hverju sinni.

Umsókn um skólavist skulu fylgja prófskírteini frá framhaldsskóla, vottorð um verklegt nám og ósk um samþykki verknámsstaðar.